

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis í Rífi, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 23. nóvember 2006 deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Rífi, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu felst veruleg uppbygging á sjálfu hafnarsvæðinu austan Hafnargötu. Þar er bæði um nýjar lóðir að ræða og viðbyggingarreiti á þegar byggðum lóðum sem ekki eru fullnýttar. Á lóð sem ætluð er fyrir vatnsverksmiðju er annars vegar gert ráð fyrir allt að 12 m háum verksmiðjuhúsum og hins vegar allt að 10 metra háu skrifstofuhúsnæði. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 22. desember 2006.

Smári Björnsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2007